

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Opið brjef, er stefnir saman alþingi til reglulegs fundar 1. júlí 1899, undirskrifað af konungi 20. janúar 1899 (A nr. 2, bls. 4—5).

Tilskipun um alþjóðlegar sjóferðareglur, er fylgt skal á íslenskum skipum, undirskrifuð af konungi s. d. (A nr. 3, bls. 6—33).

Auglýsing um ásigkomulag ljóslera og hljóðbendingaverkfæra. er við skal hafa á íslenskum gufuskipum og seglskipum, og hvernig þeim skuli fyrir komið, undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland s. d. (A nr. 4, bls. 34—45).

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Borgarfjarðar- og Mýrasýslu um lán til vegagjörða. — Eftir móttöku þóknans brjefs yðar, herra sýslumaður, dagsetts 25. f. m., vil jeg hjer með veita sýsluvegasjóði Borgarfjarðarsýslu 6000 króna lán úr landssjóði til vegagjörða í sýslunni með því skilyrði, að lán þetta ávaxtist og endurborgist á 28 árum samfleytt frá lántökudegi að telja með 6% á ári af hinni upphaflegu upphæð. Af láni þessu endurborgast 800 kr. lán það, er sýslunni var veitt af landssjóði með brjefi mínu, dagsettu 4. október f. á.

Þetta er yður þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vesturamtinu um synjun á leyfi til að halda lotterí — Með brjefi, er hingað hefir borizt beina leið, hefir sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu sent hingað erindi frá stjórnarnefnd »Lestrartjelags Lágatellssóknar« um leyfi til að halda lotterí um 10 vetra gamlann reiðhest, er fjelaginu hafi verið gefinn, og skyldi ágóðanum varið til borgunar upp í kostnaðinn við bygging á fundarhúsi fjelagsins, er einnig er notað til þinghalda og annara fundarhalda sveitarinnar.

Útaf þessu skal yður, herra amtmaður, þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg eigi finn næga ástæðu til að veita hið umbeðna leyfi.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austuramtinu um synjun á leyfi til að halda lotterí. — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 13. f. m., hafð þjer, herra amtmaður, látið uppi umsögn yðar um erindi frá Goodtemplarstúku á Saudárkrók um leyfi til að halda lotterí á eftirnefndum munum:

1. kvensöðli	60 kr. virði
2. hnakki	40 — —
3. stundaklukku,	45 — —
4. vatnsstígvjelum	25 —
5. stígvjelaskóm	11 — —

3. dag aprilm. 1899.